**Nd. 307. Breytingartillaga [17. mál]**

við frv. til l. um kjötmat o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni og Jóni Gíslasyni.

Á eftir 16. gr. frv. komi svohljóðandi

**Bráðabirgðaákvæði.**

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara skal heimilt fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, að selja afurðir af sláturfénaði, öðrum en sauðfé, sem slátrað hefur verið utan löggiltra sláturhúsa, enda séu afurðirnar skoðaðar og merktar af dýralækni eða öðrum þeim, er kjötskoðun annast, og metnar af kjötmatsmanni og meðferð vörunnar óaðfinnanleg að þeirra dómi.